

Einelti er andleg kaffæring

Grein eftir Helgu Margréti Guðmundsdóttur sem birtist í blaði Regnbogabarna 2008

Einelti er samfélagsvandamál sem hefur alltaf verið til og verður líklega alltaf til meðal manna. Það þrífst í aðgerðaleysi fjöldans og í samfélagi þar sem afskiptaleysi og sinnuleysi er mikið og þar sem ekki er tekið á málum. Það er ekki ákjósanlegt að einungis fagmenn eða fræðingar fjalli um málið eða taki á því heldur þarf fjöldinn að taka það að sér. Allir þurfa að láta málið til sín taka bæði skólar, heimili og stofnanir bæjarfélagsins. Það þarf að bæta samskipti í samfélaginu og bæta þannig líðan fólks sem býr saman, vinnur saman eða er saman í skóla. Sífelld þarf að halda uppi fræðslu meðal almennings og vinna að hugarfarsbreytingu. Þannig bætum við mannlífið og aukum lífsgæðin.

Við þurfum að skapa samstöðu meðal fólks um að takast á við þennan vanda og gera stóráttak í að samræma vinnubrögð og viðbrögð við þessum vágesti. Við þurfum að æfa okkur saman í að taka á því líkamlega og andlega ofbeldi sem stundum hefur hræðilegar afleiðingar sem geta endað með sjálfsvígum. Við vitum að einelti er dauðans alvara og okkur kemur það við.

Einelti er ekki bara í skólum. Það er alls staðar þar sem menn eru saman t.d. hefur verið greint frá hræðilegu einelti á vinnustöðum ekki síður en í skólum. Það þrífst jafnt meðal fullorðinna og barna. Við þurfum að láta okkur varða það samfélag sem við búum í. Við þurfum að breyta merkingu orðsins afskiptasemi og gera hana jákvæða. Afskiptasemi er ekki neikvæð og það borgar sig að skipta sér af, því varðandi einelti þá hefur hinn þögli aðgerðalaus hópur stórt hlutverk og leggur til skilyrði fyrir verknaðinum.

En hvað er einelti og hvernig lýsir það sér? Einelti er útskúfun. Að fá ekki að vera með. Að fá um það merki að tilheyra ekki hópnum. Það er í raun endurtekin valdbeiting eða valdníðsla. Það eru skilaboð til einhvers um að hann sé einskis verður. Þessum skilaboðum er jafnvel komið fram einungis með því að lyfta augabrún eða með svipbrigðum. Þegar við tölum um einelti erum við ekki að tala um einn einstakan atburð heldur endurtekinn verknað. Einelti hefur verið skilgreint sem upplifun einstaklings á að vera settur út úr samfélagi. Tilfinningunni sem þolandinn finnur fyrir má líkja við köfnunartilfinningu og segja má að einelti sé félagsleg kaffæring.

Það er okkur jafn nauðsynlegt og að draga andann að fá að tilheyra og vera hluti af hópnum. Það kallar því fram sársaukafullar tilfinningar að vera útskúfaður. Þegar við sjáum einelti sjáum við líka mikið ójafnvægi valds og smám saman fer þolandinn að kenna sér um og hann finnur fyrir minnkandi sjálfstrausti og sjálfsmýnd hans breytist. Seinna hrjáir depurð og þunglyndi oft þolandann. Hið ógnvænlega aðgerðaleysi fjöldans túlkar þolandinn gegn sér á meðan gerandinn túlkar það með sér.

Gerandinn er oft einstaklingur sem burðast með erfiðar tilfinningar eða slæma líðan sem oftast en ekki eru hvatinn að eineltinu. En með síendurteknum verknaði er eins og gerandinn rugli fólk í ríminu um hvað er rétt og hvað er rangt og viðmiðin breytast. Svokallaðir taglhnýtingar (þeir sem með sinnuleysi eða ósjálfstæði láta hlutina viðgangast án þess að skipta sér af) eru hirð gerandans og auðlind sem gerandinn nýtir sér.

Oft á tíðum hefur gerandinn orðið fyrir ofbeldi sjálfur og er í raun þolandi. Það má því orða það þannig að þolendur eineltis séu í raun þolendur vanlíðunar gerandans.

Við þurfum að láta okkur koma það við hvernig fólki líður í kringum okkur og muna að „það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ og „það gera börnin sem fyrir þeim er haft“. Þar sem eru afskiptalausir borgarar þar er hættulegt samfélag

Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla –landssamtökum foreldra.